| Kennari | HARPA BIRGISDÓTTIR<br>viðtalstími Fim 12:50-13:15 | Sk.st | HAR |
|---|---|---|---|

Klipping og háralitun 5

Undanfari: KLH 403

**Áfangalýsing**

Nemandi nýtir sér áunna færni frá vinnustaðanámi og fyrri stigum námsins til að efla fagmennsku og sjálfstæð vinnubrögð við klippingu og háralitun. Hann þjálfast enn frekar í samspili við ráðandi tískustrauma og hefur undirbúning fyrir lokapróf.

**Áfangamarkmið**

Að loknu námi áfanganum á nemandi að þekkja allar aðferðir og efni við háralitun sem tíðkast á hársnyrtistofum mismunandi tískulínur sem eru ráðandi hverju sinnieinnig mismunandi samspil klippingar og háralitunar. Geta unnið af öryggi að öllum algengum aðferðum við háralitun og klippingar leiðbeint viðskiptavini við val á klippingum og háralit almennt og samkvæmt nýjustu tísku. Hafa gott vald á klippitækni og litatækni, efnanotkun og meðferð þeirra.

**Námsmat:**

Verkefnamappa og ferilmappa gildir 10 %

Tískulína dömu og háralitun 20 %

Tískulína herra 10 %

Lokapróf 50 %

mæting 10%

**Lokamarkmið:**

**Verkefnamappa:** er unnin af nemandanum alla önnina. Nemandinn tekur myndir af módelum bæði fyrir og eftir, albúmið á að endurspegla vinnu nemandans á vorönn 2012. Myndaalbúmið gildir til lokaeinkunnar. Albúmið á að vera snyrtilega uppsett og vanda skal frágang.

**Ferilmappan:** Hefur fylgt nemandaum frá upphafi náms, mappan endurspeglar vinnu nemandans í öllu náminu bæði á vinnustað og í skóla: Ferilmappan þarf að vera snyrtileg og aðgengileg og allar upplýsingar um hvernig náminu var háttað.

**Tískulína dömu:** Verklýsingu skal skilað áður en verkið hefst ásamt útprentaðri mynd af módeli fyrir breytingu. Próftaki á að sýna minnst tvær samsetningar af klippiformum og þynningu. Klippa skal minnst þrjá sentimetra af öllu hárinu. Formbreyting verður að eiga sér stað í öllu hárinu. Hárið er léttþurrkað án mótunarefna.**Tímamörk: 45 mín.**

**Háralitun dömu:** Verklýsingu skal skilað áður en verkið hefst ásamt útprentaðri mynd af módeli fyrir breytingu. Nota skal fleiri en einn lit og sýna skal fram á litabreytingu í öllu hárinu, minnst tvo tóna. Nota skal 100% lit í allt hárið, en leyfilegt er að nota 70 % lit í endana. Leyfilegt er að nota allar tegundir lita. Sýna þarf litatækni, listsköpun og hugmyndaflug. Hárið er léttþurrkað án mótunarefna. **Tímamörk: 90 mín**

**Tískulína herra:** Verklýsingu skal skilað áður en verkið hefst ásamt útprentaðri mynd af módeli fyrir breytingu. Próftaki skal sýna minnst tvö klippiform og þynningu. Hárið skal þurrkað og mótað. Formbreyting verður að eiga sér stað í hárinu. Mótunarefni eru leyfileg EFTIR yfirferð prófdómara.**Tímamörk: 45 mín.**

**Lokapróf:** vinna skal bæði tískulínu dömu í lit og klippingu einnig tískulínu herra. Nemandi mætir með fullunnar verklýsingar með myndum af módelum fyrir breytingu.

**Annað:**

Til að ljúka áfanganum þarf nemandi að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu.

**Mæting má ekki fara niður fyrir 85%.**

Staðinn einkunn er 5. ATH til að ná áfanganum þarf nemandinn að þreyta lokaprófið.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

| DAGS. | **ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ** |
|---|---|
| 9. jan | Kennsluáætlun afhent og kynnt. Vörutalning og skráning |
| 16. jan | Klipping og háralitun: **MÓDEL,** verklýsingavinna |
| 23. jan | Klipping og litun eftir blaði **MÓDEL. Námskeið Label M um kvöldið.** |
| 30. jan | Stofudaur |
| 6. feb | Sýnikennsla í Tískulínum. **MÓDEL.**<br>**Námskeið hjá Iðunni í Greiðslum um kvöldið** |
| 13. feb | Tískulína dömu: **Gestadómari** |
| 20. feb | Herraklippingar og verklýsingagerð fyrir næsta tíma |
| 27. feb | Klipping og litun eftir verklýsingu sem unnin var í síðasta tíma. |
| 5. mars | Stofudagur |
| 12. mars | **Módel** og verklýsingar, farið yfir ferilmöppu með nemendum. |
| 19. mars | Generaldagur að sveinsprófi, **Gestadómarar** |
| 26. mars | Stofudagur. **Skila verkefnamöppu strax eftir páskafrí.** |
| 16. apríl | Tískulína herra 10% og dömu 10% **MÓDEL** verklýsing Gestadómari |
| 23. apríl | Undirbúningur fyrir burtfararpróf. |
| 30.apríl | Lokapróf KLH 503 |

**Dagsetning**______________________________ ______________________________

**Undirritun kennara** **Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils**